

## Skólaráðsfundur þann 7. desember. kl. 15.00 -16.00.

*Fundarmenn: Kristinn skólastjóri, Marsibil aðstoðarskólastjóri, Tinna Marín og Eva Rut, fulltrúar nemanda, Magnús G. fulltrúi nærsamfélagsins, Sigurborg og Helga Eyja fulltrúar kennara. Hulda S. fulltrúi annars starfsfólks skólans, Guðrún Björg og Helga Veronica fulltrúar foreldra boðuðu forföll.*

Skólastjóri bauð alla velkomna til annars fundar skólaráðsins veturinn 2016. Dagskrá fundarins:

1. Fjárhagsáætlun 2017
2. Skólamaturinn/Skólaaskur
3. Skólanámskrá
  - a. Bekkjarnámskrár
4. Starfsáætlun 2016-2017

### ***Fjárhagsáætlun 2017- skólalóð***

Það hefur verið úthlutað 5-6 milljónum í skólalóðina fyrir komandi skólaár. Hægt er að skipuleggja hvert þessir fjármunir fara. Skólinn mun vinna að því að nýta fjármunina sem best. Það þarf að fá fulltrúa nemenda í þetta verkefni. Laga þarf körfuboltavöllinn. Óskir komu um að fá „Skólahreystibraut“. Hún kortar ca. 25 milljónir en það mætti athuga að fá einhver tæki sem tengjast slíkri braut. Fram kom að ein róla kostar 200-300 þúsund krónur.

### ***Skólamaturinn/Skólaaskur***

Það eru allir ánægðir með að fá að skammta sér sjálfir. Okkur finnst mörgum að Skólaaskur hafi bætt matinn hjá sér. Umræður urðu um það þegar pizza er í matinn. Þá er stundum úr vöndu að ráða.

### ***Skólanámskrá/bekkjarnámskrá***

Bekkjarnámskrár voru lagðar fram. Fulltrúar nemenda sem eru í skólaráði sjá eftir list- og verkgreininum sem voru í áður í 10. bekkjunum. Búið er að auka vægi listgreina í 8. og 9. bekkjum og val í 10. bekkjum.

Rætt var um einkunnakerfi. L sums staðar eru orð/a,b, c, d/einkunnir. Í 1. – 4. bekkjum eru umsagnir. Fara þarf betur yfir öll þessi mál.

### ***Starfsáætlun 2016-2017***

Starfsáætlun var lögð fram. Umfang hennar hefur stækkað mikið, þar fleiri þættir koma þar fram.

## *Önnur mál*

Magnús spurði hvernig lesturinn gengi hjá nemendum. Það er ýmislegt verið að reyna í þeim efnum. Allir vita að yndislestur hefur minnkað mikið hjá börnum.

Marsibil sagði að Jón Helgi Þórarinnsson prestur í Hafnarfjarðarkirkju hefði boðið nemendum skólans að koma í kirkjuna. Nokkrir árgangar hafa þegið það og er það afar ánægjulegt. Magnús f sagði að Erla Björk Káradóttir, djákni sem ráðin hefur verið að kirkjunni væri afar öflug í sínu starfi.

Marsibil minntist á samstarf leik- og grunnskóla, en á döfinni er söngstund í Hvaleyrarskóla með elstu börnum leikskólans og 1. bekkingum hér.

Fundi slitið. Stefnt er að næsta fundi í lok janúar.

Samantekt skráði: Marsibil. Ólafsdóttir.